

## **Umsögn dómnefndar**

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla**

**um umsækjendur um tvö embætti héraðsdómara, annars vegar með fyrstu starfsstöð við Héraðsdóm Austurlands og hins vegar embætti héraðsdómara sem mun hafa starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólasýslunnar, sem auglýst voru laus til umsóknar í Lögbirtingablaði 16. ágúst 2024.**

**Reykjavík, 16. október 2024**

## EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur .....	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á .....	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar.....	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur .....	7
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	11
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi.....	11
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	12
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun - samanburður.....	12
5.3. Reynsla af dómstörfum.....	12
5.3.1. Reynsla af dómstörfum - samanburður .....	13
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum .....	14
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum - samanburður.....	14
5.5. Reynsla af stjórnarsýslustörfum.....	15
5.5.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum - samanburður .....	16
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl. ....	16
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	16
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf - samanburður .....	17
5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.....	17
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. - samanburður .....	18
5.7. Reynsla af stjórnun .....	18
5.7.1. Reynsla af stjórnun - samanburður.....	19
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. ....	19
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. - samanburður	20
5.9. Sérstök starfshæfni.....	20

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu .....	21
5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.....	21
6. Færni umsækjenda til að semja dóma .....	21
7. Niðurstaða dómnefndar .....	23

## **1. Umsækjendur**

Með bréfi 5. september 2024 fór dómsmálaráðuneytið þess formlega á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um skipun í tvö embætti héraðsdómara. Er annars vegar um að ræða embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Austurlands og hins vegar embætti héraðsdómara sem mun hafa starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólasýslunnar. Embættin voru auglýst laus til umsóknar 16. ágúst 2024 í Lögbirtingablaði.

Eftirtaldir sóttu um embættin: Guðfinnur Stefánsson, aðstoðarmaður héraðsdómara, Hákon Þorsteinsson, lögfræðingur, Oddur Þorri Viðarsson lögfræðingur, Ólafur Egill Jónsson, aðstoðarmaður héraðsdómara, Sólveig Ingadóttir, aðstoðarmaður héraðsdómara og Sverrir Sigurjónsson, lögmaður. Öll framangreind sóttu um bæði embættin.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst voru laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

## **2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á**

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir meðal annars svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflytnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður

umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir meðal annars: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtæktrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhliutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi

skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. regnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tök eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

### 3. Um málsmeðferð dómnefndar

Dómnefndina skipuðu eftirtaldir við meðferð máls þessa: Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjendum var sent tölvubréf 10. september 2024 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 9. september 2024. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi, en þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

Í framangreindri auglýsingu frá 16. ágúst 2024 var meðal annars áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Vegna þess að skammt var liðið frá því að dómnefnd lagði mat á hæfni þriggja umsækjanda, sbr. umsagnir nefndarinnar 21. mars 2024 og 21. nóvember 2023, og þeir gáfu upp sömu umsagnaraðila ákvað nefndin að leggja til grundvallar fyrri umsagnir um þau *Hákon Þorsteinsson, Odd Þorra Viðarsson* og *Sólveigu Ingadóttur*. Var þeim kynnt sú ákvörðun í tölvubréfi 18. september 2024 og bárust engar athugasemdir frá umsækjendum þar um. Við meðferð nefndarinnar aflaði hún jafnframt umsagnar tveggja umsagnaraðila um umsækjendurna *Guðfinn Stefánsson, Ólaf Egil Jónsson* og *Sverri Sigurjónsson*.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 23. og 24. september 2024.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 4. október 2024, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 10. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá tveimur umsækjendum og voru vegna þeirra gerðar minni háttar breytingar á fyrirbyggjandi drögum að umsögn.

#### 4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni umsækjenda og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur verður í mati þessu almennt getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt að loknu laganámi, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

*Guðfinnur Stefánsson* er fæddur 1. október 1971 og er því 53 ára. Hann lauk BS-prófi í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst í febrúar 2007 og meistaraprófi í lögfræði við sama skóla í september 2008. Hann lauk diplómanámi í afbrotufræði við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2014 og hefur sótt eitt námskeið hjá Lagastofnun Háskóla Íslands. Á árunum 2000-2003 starfaði umsækjandinn sem yfirmaður hraðsendingardeildar UPS á Íslandi hjá TVG Zimsen. Að loknu laganámi starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá september 2008 til loka þess árs. Frá janúar 2009 hefur umsækjandinn starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vesturlands að frátöldu tímabilinu 1. febrúar 2014 til 30. júní 2014 er hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn var prófdómari við Háskólann á Bifröst í málflutningi fyrir dómi árin 2009-2014 og sinnti stundakennslu í sakamálaréttarfari við sama skóla á haustönn 2014 og 2015. Á árunum 2014-2020 var umsækjandi varamaður í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.

*Hákon Þorsteinsson* er fæddur 29. desember 1979 og er því 44 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og meistaraprófi frá sama skóla árið 2008. Umsækjandinn útskrifaðist í júní 2023 með viðbótardiplóma á meistarastigi í opinberri stjórnslu frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2009 og löggildingu til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali í september 2015. Jafnframt hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu laganámi vorið 2008 starfaði umsækjandinn við lögfræðiráðgjöf hjá Kaupþingi banka hf. en því starfi gegndi hann til ársloka 2008. Þá hóf hann störf sem héraðsdómslögmaður hjá lögmannsstofu. Þar starfaði hann fram á vor 2010 er hann varð aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness þar sem hann starfaði fram í



ársbyrjun 2018. Á árinu 2014 var hann settur héraðsdómari við sama dómstól í þrjá mánuði. Frá 2018 til 2021 var umsækjandi aðstoðarmaður dómara við Landsrétt og settur skrifstofustjóri í tæpa fjóra mánuði árið 2021. Á árinu 2021 var hann settur dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða um tveggja mánaða skeið. Frá september 2021 hefur hann starfað sem lögfræðingur á skrifstofu réttarfars og stjórnarsýslu í dómsmálaráðuneytinu. Þá starfaði hann sem eftirlitsmaður með störfum knattspyrnudómara og framkvæmd knattspyrnuleikja fyrir KSÍ 2013-2018. Umsækjandinn var stundakennari í fjármunarétti og réttarfari við Háskólann á Bifröst 2015-2018. Ennfremur hefur hann verið prófdómari við þann skóla sem og lagadeildir Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Hann hefur komið að samningu lagafrumvarpa á sviði réttarfars í starfi sínu í dómsmálaráðuneytinu og er fulltrúi Íslands í samstarfshópi ráðuneyta dómsmála á Norðurlöndum og Eyrstrasaltsríkjum (Nordic Baltic Contact Group) og tók þar nýverið við formennsku. Umsækjandi hefur m.a. haldið erindi á þeim vettvangi. Hann hefur auk þess setið í starfshópum á vegum dómstólaráðs um stefnumótun héraðsdómstólanna, átt hlut að undirbúningsvinnu fyrir Dómarafélag Íslands vegna setningar siðareglna dómara og var formaður Félags löglerðra aðstoðarmanna dómara í tvö ár.

*Oddur Þorri Viðarsson* er fæddur 17. febrúar 1986 og er því 38 ára. Hann lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2014. Í júní 2024 lauk hann viðbótardiplómu í gagnrýnni hugsun og siðfræði frá Háskóla Íslands og stundar nú MA-nám í hagnýtri siðfræði við sama skóla. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu lagaprófi starfaði hann sem fulltrúi á lögmannsstofu til 2015 en í byrjun mars það ár hóf hann störf sem lögfræðingur á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu þar sem hann starfaði til desember 2021. Í því starfi hefur hann samið frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum og komið að gerð annarra lagafrumvarpa á verkefnasviði ráðuneytisins, þ. á m. á sviði stjórnarsýsluréttar og stjórnskipunarréttar. Í september 2019 fól forsætisráðherra honum hlutverk ráðgjafa um upplýsingarétt almennings meðfram öðrum störfum í ráðuneytinu. Þá vann hann með nefnd sem forsætisráðherra skipaði um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis og kom þar að gerð nýu frumvarpa til laga. Jafnframt starfaði hann sem ritari úrskurðarnefndar um

upplýsingamál á árunum 2015-2018 og hefur samið drög að úrskurðum nefndarinnar. Frá desember 2021 hefur umsækjandi starfað sem lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis. Umsækjandinn hefur ritað sex ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni, einn ritrýndan bókarkafla og eina almenna tímaritsgrein, að hluta ásamt öðrum. Þá getur hann í umsókn sinni um 16 fyrirlestra sem hann hefur flutt á námskeiðum, fundum og ráðstefnum hérlendis og erlendis. Hann hefur sinnt stundakennslu við Háskóla Íslands frá árinu 2014, m.a. í almennri lögfræði og stjórnsýslurétti, haft umsjón með BA-ritgerðum og verið prófdómari í einni meistararitgerð. Vorin 2021 og 2022 var hann stundakennari í réttarheimspeki við Háskólann í Reykjavík og á sumarönn 2024 í almennri lögfræði III við Háskólann á Bifröst. Frá árinu 2017 hefur umsækjandinn kennt upplýsingarétt á sex vikna námskeiði Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála fyrir starfsmenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitafélaga. Tvisvar frá árinu 2015 hefur hann annast fræðslu fyrir Stjórnarráðsskólann og veturinn 2016-2017 kenndi hann námskeiðið lögfræði sem valgrein við Menntaskólann í Reykjavík. Af aukastörfum má nefna að umsækjandinn var skipaður matsmaður í fimmtu úttektarumferð samtaka ríkja gegn spillingu í aðildarríkjum Evrópuráðsins (GRECO) árið 2017 og aðstoðaði Pál Hreinsson forseta EFTA-dómstólsins við gerð skýrslu um sjálfstæðar stjórnsýslunefndir sem skilað var til forsætisráðherra 2019. Frá því í maí 2023 hefur hann átt sæti í stjórn Lögfræðingafélags Íslands.

*Ólafur Egill Jónsson* er fæddur 17. ágúst 1984 og er því 40 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og meistaraprófi frá sama skóla árið 2012. Hann öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2018 og hefur sótt námskeið í lögfræði. Að loknu lagaprófi starfaði umsækjandi sem lögfræðingur raforku- og auðlindamála hjá Orkustofnun. Árið 2013 hóf hann störf sem lögfræðingur hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og starfaði þar fram til ársins 2018 er hann hóf störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness. Frá árinu 2014 hefur hann verið stundakennari í þremur námskeiðum í refsirétti við lagadeild Háskóla Íslands og haustið 2020 var hann ráðinn í stöðu aðjúnkts við skólann. Hann hefur ritað eina ritrýnda grein um lögfræði og tekið þátt í ritun greinargerðar um lögfræðileg málefni vegna sæstrengs til Evrópu. Á árunum 2015-2018 var hann ritari

og varaformaður stéttarfélags starfsmanna stjórnarráðsins. Á meðan hann starfaði í ráðuneytinu var hann formaður í tveimur starfshópum sem skiluðu af sér drögum að lagafrumvörpum til ráðherra og tók þátt í starfi vinnuhóps innanríkisráðherra sem gerði tillögur að breytingum á þinglýsingalögum og lögum um rafræna undirritun.

*Sólveig Ingadóttir* er fædd 16. október 1984 og er því 40 ára. Hún lauk BA-prófi 2008 og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2010. Hún öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2011 og löggildingu til að starfa sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali árið 2015. Þá hefur hún sótt námskeið í lögfræði og leggur nú stund á nám í opinberri stjórnarsýslu við Háskóla Íslands. Frá árinu 2010 hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands. Árið 2014 kenndi hún á námskeiði á vegum dómstólaráðs um meðferð sakamála fyrir aðstoðarmenn dómara og ólöglaert starfsfólk dómstólanna. Hún sat í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara á tímabilunum 2011-2015, fyrst sem varaformaður og síðar sem formaður, og aftur í stjórn 2017-2018. Hún sat í forvarnarteymi Árborgar um eins árs skeið frá 2023 og hefur setið í ritstjórnarhópi vefþróunarteymis dómstólanna frá 2023.

*Sverrir Sigurjónsson* er fæddur 6. nóvember 1981 og er því 42 ára. Hann lauk BA-prófi 2013 og meistaraprófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík vorið 2015. Hann öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2017, réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti vorið 2024 og löggildingu til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali í júlí 2018 og sem bifreiðasali árið 2004. Frá 2002-2010 starfaði umsækjandi sem bifreiðasali og frá árinu 2014 á lögmannsstofu og fasteignasölu. Frá 2017 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Þá hefur hann verið framkvæmdastjóri Kerhesta ehf. frá árinu 2009 og var á árunum 2015-2022 framkvæmdastjóri Icelandbus ehf. auk þess að vera formaður hestamannafélags á árunum 2008-2013. Hann var varamaður í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2006-2013 og sat í nefndum á vegum sveitarfélagsins. Umsækjandi var kennari á námskeiði til öflunar löggildingar sem bifreiðasali hjá Iðunni fræðslusetri árið 2018.

## **5. Mat á hæfni umsækjenda**

### *5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi*

Í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016 er í sjö töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti héraðsdómara þurfa að uppfylla til að skipa meg þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulið, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta, sbr. 5. tölulið, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum, sbr. 6. tölulið og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um dómaraembættin að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

## 5.2. Menntun og framhaldsmenntun

**Guðfinnur Stefánsson** lauk BS-prófi í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst í febrúar 2007 og meistaraprófi í lögfræði við sama skóla í september 2008. Hann lauk diplómanámi í afbrotufræði við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2014.

**Hákon Þorsteinsson** lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og meistaraprófi frá sama skóla árið 2008. Umsækjandinn útskrifaðist í júní 2023 með viðbótardiplómu á meistarastigi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands.

**Oddur Þorri Viðarsson** lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2014. Í júní 2024 lauk hann viðbótardiplómu í gagnrýnni hugsun og siðfræði frá Háskóla Íslands og leggur nú stund á meistaranám í hagnýtri siðfræði við sama skóla.

**Ólafur Egill Jónsson** lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og meistaraprófi í lögfræði við sama skóla árið 2012.

**Sólveig Ingadóttir** lauk BA-prófi 2008 og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2010. Hún leggur nú stund á meistaranám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands.

**Sverrir Sigurjónsson** lauk BA-prófi 2013 og meistaraprófi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík vorið 2015.

### 5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að **Guðfinnur**, **Hákon** og **Oddur Þorri** standi fremstir umsækjenda í þessum matsþætti. Þeir hafa allir lokið diplómanámi að loknu meistaraprófi í lögum. Þar á eftir kemur **Sólveig** sem leggur nú stund á nám á opinberri stjórnsýslu. **Ólafur Egill** og **Sverrir** hafa ekki lagt stund á annað eða frekara nám í lögfræði eða skyldum greinum en setið eins og aðrir umsækjendur ýmis önnur stutt lögfræðinámskeið að loknu fullnaðarnámi í lögfræði með meistaraprófi.

## 5.3. Reynsla af dómstörfum

**Guðfinnur Stefánsson** hefur starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara í tæp 16 ár. Fyrst sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá september 2008

tíl loka þess árs. Frá janúar 2009 hefur umsækjandinn starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vesturlands að frátöldu tímabilinu 1. febrúar 2014 til 30. júní 2014 er hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

*Hákon Þorsteinsson* starfaði sem aðstoðarmaður dómara við héraðsdóm Reykjaness 2010-2018 og var aðstoðarmaður dómara við Landsrétt 2018-2021. Á árinu 2014 var hann settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness í þrjá mánuði og var settur dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða um tveggja mánaða skeið 2021.

*Oddur Þorri Viðarsson* hefur ekki reynslu af dómstörfum.

*Ólafur Egill Jónsson* hefur starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness frá árinu 2018.

*Sólveig Ingadóttir* hefur starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands frá árinu 2010.

*Sverrir Sigurjónsson* hefur ekki reynslu af dómstörfum.

#### 5.3.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa fjórir umsækjendur reynslu af dómstörfum. Einn umsækjandi hefur reynslu af því að hafa verið settur héraðsdómari og starfað sem aðstoðarmaður dómara á tveimur dómstigum. Annar umsækjandi hefur verið settur héraðsdómari og starfað lengi sem aðstoðarmaður héraðsdómara. Þá hafa tveir umsækjendur einnig starfað sem aðstoðarmenn héraðsdómara. Tveir umsækjendur hafa ekki reynslu af dómstörfum. Við mat á hæfni umsækjenda að því er þennan þátt varðar vegur starf sjálfstæðs starfandi dómara eðli máls samkvæmt þyngra en aðstoðarmanna dómara auk þess sem fyrstu starfsárin hafa meira vægi en þau sem á eftir fara. Einnig skiptir máli hversu langt er um liðið síðan störfín voru innt af hendi.

Með skírskotun til þessa er það mat dómnefndarinnar að *Hákon* standi fremstur umsækjenda í þessum matsþætti og vegur þar þyngst að hann hefur verið settur héraðsdómari, síðast á árinu 2021, auk þess hann var um árabil aðstoðarmaður héraðsdómara og dómara við Landsrétt. Þar á eftir kemur *Guðfinnur* sem einnig hefur verið settur héraðsdómari og hefur starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara í tæp 16 ár. Næst á eftir þeim kemur *Sólveig* sem hefur verið aðstoðarmaður dómara í 14 ár og því næst *Ólafur Egill* sem hefur verið aðstoðarmaður dómara í sex ár.

Umsækjendurnir *Oddur Þorri* og *Sverrir* hafa sem fyrr greinir ekki reynslu af dómsstörfum.

#### *5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum*

*Guðfinnur Stefánsson* hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

*Hákon Þorsteinsson* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2009 og starfaði í um eitt og hálf ár 2009-2010 sem lögmaður á lögmannsstofu. Þar flutti hann meðal annars nokkur mál í héraði, jafnt einkamál sem sakamál.

*Oddur Þorri Viðarsson* hefur ekki öðlast réttindi til málflutnings en starfaði í um eitt ár sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu að loknu meistaraþrófi.

*Ólafur Egill Jónsson* öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2018 en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

*Sólveig Ingadóttir* öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2011 en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

*Sverrir Sigurjónsson* öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2017 og réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti vorið 2024. Hann hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2017 og flutt bæði einkamál og sakamál.

#### *5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður*

Við mat á reynslu að þessu leyti er litið til starfa sem umsækjendur hafa gegnt eftir að þeir hafa hlotið málflutningsréttindi eða sem löglærðir fulltrúar. Tveir umsækjendur hafa reynslu af lögmanns- og málflutningsstörfum en mismikla. Einn umsækjenda hefur ekki öðlast málflutningsréttindi en starfaði í eitt ár á lögmannsstofu sem löglærður fulltrúi. Aðrir umsækjendur hafa ekki reynslu af lögmannsstörfum en tveir þeirra hafa aflað sér réttinda til að flytja mál fyrir héraðsdómi. Við mat á umsækjendum í þessum matsþætti er litið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmenn, þar á meðal haft réttindi til flutnings mála fyrir æðri dómi en hér sem endranær vega fyrstu árin í starfi þyngst. Einnig er horft til þess hvort umsækjendur hafi unnið sjálfstætt að lögmannsstörfum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, hvort þeir hafi gert það samhliða öðrum störfum, hversu mörg

mál þeir hafa flutt og hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum eða einungis á afmörkuðum sviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmenn, hafi verið yfirgripsmikil eða flókin úrlausnar. Reynsla af störfum umsækjenda á lögmannsstofum án þess að þeir hafi haft lögmannsréttindi vegur tiltölulega lítið í þessum þætti mats.

Samkvæmt öllu framansögðu hefur *Sverrir* lengsta reynslu umsækjenda í þessum matsþætti en hann hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður í um sjö ár og hefur öðlast réttindi til að flytja mál fyrir Landsrétti. Næstur honum kemur *Hákon* sem starfaði sem lögmaður í eitt og hálf ár og þá *Oddur Þorri* sem hefur ekki öðlast lögmannsréttindi en starfaði sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu í eitt ár. Aðrir umsækjendur hafa ekki fengist við lögmanns- eða málflutningsstörf og því ekki efni til að gera upp á milli hæfni þeirra í þessum matsþætti.

#### *5.5. Reynsla af stjórnarsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnarsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

*Guðfinnur Stefánsson* var á árunum 2014-2020 varamaður í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema en tók ekki sæti við meðferð einstakra mála.

*Hákon Þorsteinsson* var settur skrifstofustjóri Landsréttar í tæpa fjóra mánuði á fyrri hluta árs 2021. Frá hausti 2021 hefur hann starfað sem lögfræðingur á skrifstofu réttarfars og stjórnarsýslu í dómsmálaráðuneytinu.

*Oddur Þorri Viðarsson* starfaði sem lögfræðingur á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu á árunum 2015-2021. Haustið 2019 var honum falið að gegna hlutverki ráðgjafa um upplýsingarétt almennings meðfram öðrum störfum í ráðuneytinu. Jafnframt var hann ritari úrskurðarnefndar um upplýsingamál 2015-2018. Frá því síðla árs 2021 hefur hann starfað sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis.



*Ólafur Egill Jónsson* starfaði sem lögfræðingur raforku- og auðlindamála hjá Orkustofnun frá 2012 til 2013 er hann hóf störf sem lögfræðingur hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Starfaði hann þar fram til ársins 2018.

*Sólveig Ingadóttir* hefur ekki fengist við störf sem falla undir þennan matsþátt.

*Sverrir Sigurjónsson* var varamaður í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2006-2013 og sat í nefndum á vegum sveitarfélagsins.

#### 5.5.1. *Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa fjórir umsækjendur greint frá störfum sem eftir atvikum geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum. Þegar þau viðfangsefni, sem hér um ræðir, hafa verið innt af hendi samhliða aðalstarfi vega þau ekki eins þungt þegar hæfni á þessu sviði er metin. Við það mat skiptir enn fremur máli hvort störfin nýtast dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum eða vinna fyrir þær. Eins og endranær verður litið til framan- greindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma þar sem fyrstu árin vega þyngst, en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Að þessu öllu virtu stendur *Oddur Þorri* fremst umsækjenda í þessum þætti mats en eins og að framan greinir á hann að baki um níu ára reynslu af stjórnsýslustörfum í aðalstarfi og hefur samhliða þeim störfum gegnt hlutverki ráðgjafa um upplýsingarétt almennings og starfað sem ritari stjórnsýslunefndar. Eftir honum kemur *Ólafur Egill*, þá *Hákon* svo *Sverrir*. Loks koma *Guðfinnur* og *Sólveig* sem hafa ekki fengist við störf sem falla undir þennan kafla.

#### 5.6. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

##### 5.6.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

*Guðfinnur Stefánsson* sinnti stundakennslu við Háskólann á Bifröst í sakamálaréttarfari árin 2014 og 2015 og var prófdómari við Háskólann á Bifröst í málflutningi árin 2009-2014.

**Hákon Þorsteinsson** var stundakennari í fjármunarétti og réttarfari við Háskólann á Bifröst á árunum 2015-2018 og lætur þess jafnframt getið í umsókn sinni að hann hafi verið prófdómari lokaritgerða á sviði skaðabótaréttar og réttarfars í meistaranámi við þann skóla til 2021, svo og við lagadeild Háskóla Íslands 2020. Ennfremur var hann prófdómari í sakamálaréttarfari við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2017.

**Oddur Þorri Viðarsson** hefur sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2014, m.a. í almennri lögfræði og stjórnsýslurétti, haft umsjón með BA-ritgerðum og verið prófdómari í einni meistararitgerð. Vorin 2021 og 2022 var hann stundakennari í réttarheimspeki við lagadeild Háskólans í Reykjavík og sumarönn 2024 í almennri lögfræði við Háskólann á Bifröst. Þá hefur hann frá 2017 kennt upplýsingarétt á námskeiði Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála fyrir starfsmenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga.

**Ólafur Egill Jónsson** hefur frá árinu 2014 verið stundakennari í þremur námskeiðum í refsirétti við lagadeild Háskóla Íslands og er aðjúnkt við skólann frá hausti 2020.

**Sólveig Ingadóttir** kenndi á árinu 2014 sakamálaréttarfari á námskeiði á vegum dómstólaráðs sem meðal annars var ætlað löglærðum aðstoðarmönnum dómara.

**Sverrir Sigurjónsson** kenndi í eitt skipti á námskeiði til öflunar löggildingar sem bifreiðasali hjá Iðunni fræðslusetri.

#### 5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa tveir umsækjendur, **Oddur Þorri** og **Ólafur Egill** fengist við stundakennslu á háskólastigi í um 10 ár. Að mati dómnefndar eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra að því leyti. Á eftir þeim kemur **Hákon** sem hefur verið stundakennari við háskóla í þrjú ár og því næst **Guðfinnur**. Loks koma þau **Sólveig** og **Sverrir** jafnsett.

#### 5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.

**Hákon Þorsteinsson** hefur flutt tvo fyrirlestra um lögfræðileg efni.

*Oddur Þorri Viðarsson* hefur ritað sex ritrýndar greinar um lögfræði og einn bókarkafla, þar af tvær greinanna og bókarkafli ásamt öðrum. Hann hefur flutt 16 fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri.

*Ólafur Egill Jónsson* hefur ritað eina ritrýnda grein um lögfræði.

Aðrir umsækjendur, *Guðfinnur Stefánsson*, *Sólveig Ingadóttir* og *Sverrir Sigurjónsson* tilgreina ekki í umsóknum sínum framlög sem heyra hér undir.

#### 5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Að þessu virtu stendur *Oddur Þorri* fremstur umsækjenda í þessum þætti mats. Á eftir honum kemur *Ólafur Egill* og þá *Hákon*. Aðrir umsækjendur hafa sem fyrr greinir ekki fengist við ritstörf eða annað sem fellur undir þennan matsþátt.

### 5.7. Reynsla af stjórnun

*Guðfinnur Stefánsson* var yfirmaður hraðsendingardeildar UPS á Íslandi hjá TVG Zimsen 2000-2003.

*Hákon Þorsteinsson* var settur dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða í tvo mánuði á árinu 2021. Jafnframt var hann framan af árinu settur skrifstofustjóri Landsréttar í tæpa fjóra mánuði. Þá er hann formaður í samráðshópi ráðuneyta dómsmála á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum (Nordic Baltic Contact Group) og var formaður Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara um tveggja ára skeið.

*Oddur Þorri Viðarsson* var ritari úrskurðarnefndar um upplýsingamál á árunum 2015-2018 og stýrði, í samráði við formann nefndarinnar, daglegum störfum hennar.

*Ólafur Egill Jónsson* var ritari og varaformaður stéttarfélags starfsmanna stjórnarráðsins 2015-2018.

*Sólveig Ingadóttir* sat á árunum 2011-2015 og 2017-2018 í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna, ýmist sem formaður eða varaformaður.

*Sverrir Sigurjónsson* hefur verið framkvæmdastjóri Kerhesta ehf. frá árinu 2009 og var á árunum 2015-2022 framkvæmdastjóri Icelandbus ehf.

#### 5.7.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf héraðsdómara. Þá skiptir sömuleiðis máli hve lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Með skírskotun til þess sem að framan greinir er það mat nefndarinnar að reynsla *Hákonar* vegi þyngst í þessum matsþætti en hann hefur bærði verið settur dómstjóri Héraðsdóms Vestfjarða og settur skrifstofustjóri Landsréttar um nokkurra mánaða skeið. Næstir koma *Guðfinnur* og *Sverrir* og fast á hæla þeim *Oddur Þorri*, *Ólafur Egill* og *Sólveig*.

#### 5.8. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Hér á eftir verða rakin önnur helstu störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í dómaraembætti að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7. Einungis verða tekin til mats þau framlög sem umsækjendur hafa vísað til í umsóknum sínum eða eftir atvikum látið fylgja þeim.

*Hákon Þorsteinsson* starfaði í liðlega sex mánuði sem lögfræðingur hjá Kaupþingi banka hf. á árinu 2008. Sem starfsmaður í dómsmálaráðuneytinu hefur hann nýverið komið að samningu þriggja lagafrumvarpa um breytingar á réttarfarslögum sem voru samþykkt. Einnig hefur hann setið í starfshópum á vegum dómstólaráðs um stefnumótun héraðsdómstólanna og komið að undirbúningi að

setningu siðareglna dómara. Þá var hann eftirlitsmaður með störfum knattspyrnudómara og framkvæmd knattspyrnuleikja fyrir KSÍ 2013-2018.

**Oddur Þorri Viðarsson** samdi sem starfsmaður í forsætisráðuneytinu drög að frumvörpum til laga um breytingar á upplýsingalögum og vernd uppljóstrara, auk þess sem hann kom að gerð annarra lagafrumvarpa. Einnig tók hann þátt í vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þá var hann árið 2017 skipaður matsmaður í fimmtu úttektarumferð samtaka ríkja gegn spillingu í aðildarríkjum Evrópuráðsins (GRECO).

**Ólafur Egill Jónsson** stýrði sem starfsmaður í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu tveimur starfshópum sem skiluðu af sér drögum að lagafrumvörpum til ráðherra og tók þátt í starfi vinnuhóps innanríkisráðherra sem gerði tillögur að breytingum á þinglýsingarlögum og lögum um rafræna undirritun.

**Guðfinnur Stefánsson, Sólveig Ingadóttir og Sverrir Sigurjónsson** greina ekki í umsókn sinni frá neinu sem getur fallið hér undir og ekki hefur áður verið getið.

#### *5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður*

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem stjórnarsýslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni þeirra til að gegna embætti héraðsdómara. Ef um er að ræða aðalstarf umsækjanda vegur það eðli máls samkvæmt þyngra en aukastörf sem innt eru af hendi samhliða öðrum störfum svo sem aðkoma starfsmanna ráðuneyta að gerð lagafrumvarpa.

Sé litið til starfa umsækjenda sem falla hér undir verður ekki gert upp á milli *Hákonar* og *Odds Þorra*. Á eftir þeim í þessum matshluta kemur *Ólafur Egill*. Sem fyrr segir hafa aðrir umsækjendur ekki greint frá neinu í umsókn sinni sem fellur undir þennan þátt matsins.

#### *5.9. Sérstök starfshæfni*

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir meðal annars að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

#### 5.9.1. *Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu*

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum. Ennfremur hvert sé framlag hans í formi kennslu á háskólastigi og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði, enda séu síðastnefndu framlögin veruleg.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum héraðsdómara. Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjanda hvað þennan matsþátt varðar, en þó er til þess að líta *Oddur Þorri* hefur minni reynslu á þessu sviði en aðrir umsækjendur.

#### 5.9.2. *Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi*

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þeirra, svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur, lítur nefndin svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel.

### **6. Færni umsækjenda til að semja dóma**

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er meðal annars vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans og stjórnsluúrskurðir sem og málflutningsskjöl á borð við greinargerðir geta auk

annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita réttarheimildum og skýra lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einnig dóma Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017. Hefur nefndin lagt áherslu á það sjónarmið í mati sínu að horfa til færni umsækjenda til að nýta lögfræðilega þekkingu sína og starfsreynslu við úrlausn dómsmála. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvers og eins umsækjenda til að semja dóma. Hefur verið horft til þeirra framlaga sem fylgdu umsóknum þeirra og annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Vegna þess að starfsreynsla umsækjenda er ólík innbyrðis hefur dómnefnd þurft að beita mismunandi aðferðum í þessum hluta matsins. Í tilviki fjögurra umsækjenda voru valdar fjórar dómsúrlausnir þar sem reyndi á færni til að beita kunnáttu á sem flestum réttarsviðum. Í tilviki eins umsækjenda sem hefur stundað málflutning studdist nefndin við umsóknargögn. Þar voru teknar til skoðunar tvær greinargerðir og tvær stefnur sem fylgdu umsókn auk þess sem nefndin kannaði með sjálfstæðum hætti hver urðu afdrif málanna fyrir dómi og dregnar af þeim rökstuddar ályktanir um færni umsækjandans til að semja dóma. Þá var í tilviki eins umsækjenda farið yfir bókarkafla og fræðigreinar auk tveggja úrlausna sem hann hefur staðið að á vettvangi stjórnarsýslunnar og lagt mat á færni hans til að semja dóma á grundvelli þessara framlaga.

Við þennan hluta matsins var sjónum einkum beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir, við að greina álitaefnin sem um var að ræða og eftir atvikum að leysa úr þeim. Þegar borin er saman færni einstakra umsækjenda til að semja dóma var jafnframt litið til þess hversu fjölbreytt lögfræðileg úrlausnarefni þeir hafa fengist við, sér í lagi hin síðari ár, og hversu flókin úrlausnar þau hafa verið. Loks hefur sem fyrr segir verið höfð hliðsjón af öðrum skrifum umsækjenda um lögfræðileg efni.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Hákon* og *Oddur Þorri* séu færastir umsækjenda til að semja dóma. Þegar horft er til dómsúrlausna *Hákonar* úr starfi hans sem settur dómari en einnig sem aðstoðarmaður hafi hann sýnt færni til að semja úrlausnir á þessu sviði. Þá telur nefndin að hann hafi bætt við færni sína að þessu leyti við samningu þeirra lagafrumvarpa sem hann hefur komið að í starfi hans í dómsmálaráðuneyti. Þá telur dómnefndin að þegar litið er til stjórnsýsluúrlausna sem *Oddur Þorri* hefur staðið að, framlags hans til rannsókna á sviði lögfræði og starfsreynslu að öðru leyti, hafi hann sýnt fram á færni til að standa að úrlausnum á sviði lögfræði með sjálfstæðum hætti. Telur nefndin jafnframt að draga megí ályktanir af þeim úrlausnum um færni hans til að semja dómsúrlausnir. Þykja þeir tveir því standa öðrum umsækjendum framar að þessu leyti.

## 7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna þeim embættum héraðsdómara sem hér er fjallað um. Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín samkvæmt 4. gr. reglna nr. 970/2020. Þau hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytt svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum. Þá vegur reynsla af fyrstu starfsárum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi þannig að síður verður gert upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma



önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta sem fjallað er um í köflum 5.2. – 5.9. og þeir allir virtir í heild er það niðurstaða dómnefndar að *Hákon Þorsteinsson* og *Oddur Þorri Viðarsson* standi fremstir umsækjenda í þeim matshluta og verður ekki gert upp á milli þeirra hvað þennan matsþátt varðar. Við matið er ekki aðeins litið til þess hve þau störf sem umsækjendur hafa sinnt eru fjölbreytt heldur ekki síður hve verkefnin sem þeir hafa fengist við í sama starfi eru margbreytileg. Þá er það jafnframt álit dómnefndar, eins og gerð er grein fyrir í kafla 6, að *Hákon Þorsteinsson* og *Oddur Þorri Viðarsson* hafi með framlögum sínum sýnt mesta færni umsækjenda til að semja dóma.

Að virtum öllum framangreindum matsþáttum sem og með skírskotun til alls þess sem áður greinir og fram hefur komið meðal annars í viðtölum við umsækjendur og umsögnum um þá er það niðurstaðan af heildstæðu mati dómnefndar að *Hákon Þorsteinsson* og *Oddur Þorri Viðarsson* standi fremstir umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara og verður ekki gert upp á milli þeirra tveggja.

*Hákon Þorsteinsson* lauk embættisprófi í lögfræði árið 2008 og viðbótardiplómu á meistarastigi í opinberri stjórnslu frá Háskóla Íslands. Að loknu laganámi starfaði hann sem lögfræðiráðgjafi hjá Kaupþingi banka hf. en síðar sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu. Hann starfaði sem aðstoðarmaður dómara í héraðsdómi og Landsrétti auk þess sem hann var settur skrifstofustjóri Landsréttar í um fjögurra mánaða skeið. Þá hefur hann verið settur héraðsdómari við héraðsdóm Héraðsdóm Reykjaness í þrjú mánuði árið 2014 og settur dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða í um tveggja mánaða skeið árið 2021. Frá hausti 2021 hefur hann starfað á skrifstofu löggjafarmála á skrifstofu réttarfars og stjórnslu í dómsmálaráðuneytinu. Samhliða fyrrnefndum störfum hefur hann sinnt kennslu á sviði lögfræði.

*Oddur Þorri Viðarsson* lauk embættisprófi í lögfræði árið 2014 og viðbótardiplómu í gagnrýnni hugsun og siðfræði frá Háskóla Íslands og stundar nú MA-nám í hagnýtri siðfræði við sama skóla. Hann starfaði sem löglerður fulltrúi á lögmannsstofu að loknu lagaprófi en hóf síðar störf á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu þar sem hann starfaði fram til ársins 2021. Það ár hóf hann störf sem lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis. Í september 2019 fól

forsætisráðherra honum hlutverk ráðgjafa um upplýsingarétt almenningu sem hann sinnti meðfram öðrum störfum í ráðuneytinu. Þá var hann ritari úrskurðarnefndar upplýsingamála árin 2015-2018 og skipaður matsmaður í fimmtu úttektarumferð samtaka ríkja gegn spillingu í aðildarríkjum Evrópuráðsins (GRECO) árið 2017. Samhliða fyrrnefndum störfum hefur hann sinnt kenndu og rannsóknum á sviði lögfræði.

### Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að *Hákon Þorsteinsson* og *Oddur Þorri Viðarsson* séu hæfastir umsækjenda til að hljóta skipun í tvö embætti héraðsdómara, annars vegar með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Austurlands og hins vegar með starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða sem mun sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólasýslunnar, sbr. auglýsingu 16. ágúst 2024. Verður ekki gert upp á milli þeirra tveggja til að hljóta skipun í framangreind embætti.

Reykjavík, 16. október 2024

  
Ása Ólafsdóttir

  
Helga Melkorka Öttarsdóttir

  
Kristín Benediktsdóttir

  
Reimar Pétursson

  
Þorgeir Örlygsson